DÓMUR DÓMSTÓLSINS

16. desember 2025

(Tilskipun um aðgerðarramma um stefnu í vatnsmálum 2000/60/EB – mat á umhverfisáhrifum – ástand grunnvatnshlots– vatnaáætlun – flokkun og ástandsmat vatnshlots – birting ástandsmats)

Mál E-7/25,

BEIÐNI, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá Héraðsdómi Reykjavíkur, í máli sem þar er til meðferðar

Ólafur Þór Jónsson ásamt fleirum

gegn

Umhverfis- og orkustofnun og Benchmark Genetics Iceland hf.,

um túlkun tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum, sérstaklega 4. gr. tilskipunarinnar.

DÓMSTÓLLINN,

skipaður dómurunum Páli Hreinssyni, forseta, Bernd Hammerman, framsögumanni, og Michael Reiertsen,

Dómritari: Ólafur Jóhannes Einarsson,

hefur, með tilliti til skriflegra greinargerða frá:

- Ólafi Þór Jónssyni ásamt fleirum („stefnendur“), í fyrirsvari er Flóki Ásgeirsson, lögmaður;

- Umhverfis- og orkustofnun, í fyrirsvari sem umboðsmaður er Þorvaldur Hauksson;

- Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“), í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Hildur Hjörvar, Johanne Førde og Melpo-Menie Joséphidès, og

– framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“), í fyrirsvari sem umboðsmenn eru Inês Melo Sampaio og Eulalia Sanfrutos Cano

og munnlegs málflutnings fulltrúa stefnenda, Flóka Ásgeirssonar; fulltrúa Umhverfis- og orkustofnunar, Þorvaldar Haukssonar; fulltrúa ríkisstjórnar Noregs, Knut Klever Næss; fulltrúa ESA, Hildar Hjörvar og Johannes Kohler; og fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar, Eulalia Sanfrutos Cano, sem fram fór 1. október 2025,

kveðið upp svofelldan

Dóm

I INNGANGUR

1 Beiðnin um ráðgefandi álit snýst um túlkun 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB, sérstaklega hvort hún girði fyrir að leyfi sé veitt fyrir framkvæmd, áður en flokkun og ástandsmat hefur farið fram á grunnvatnshlotinu sem hún kann að hafa áhrif á, og áður en niðurstöður matsins hafa verið settar fram í stjórnaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi. Beiðnin er hluti af málarekstri Ólafs Þórs Jónssonar ásamt fleirum gegn Umhverfis- og orkustofnun og Benchmark Genetics Iceland hf. fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem stefnendur krefjast þess aðallega að nýtingarleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun veitti Benchmark Genetics til töku grunnvatns verði fellt úr gildi.

II LÖGGJÖF

EES-réttur

2 Í tíunda lið formálsorða samningsins um Evrópska Efnahagssvæðið (“EES-samningsins“ eða „EES“) segir:

> *[Samningsaðilar] HAFA EINSETT SÉR að við mótun nýrra reglna verði lagðar til grundvallar strangar kröfur um að vernda beri heilsu, öryggi og umhverfi;*

3 Í 1. mgr. 3. gr. EES-samningsins segir:

> *Samningsaðilar skulu gera allar viðeigandi almennar eða sérstakar ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af samningi þessum leiðir.*

4 Í 73. gr. EES-samningsins segir:

> *1. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu byggjast á eftirtöldum markmiðum:*
>
> *(a) að varðveita, vernda og bæta umhverfið*
>
> *(b) að stuðla að því að vernda heilsu manna*

(c) að tryggja að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi.

2. Aðgerðir samningsaðila á sviði umhverfismála skulu grundvallaðar á þeim meginreglum að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Kröfur um umhverfisvernd skulu vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum.

5 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum („vatnatilskipunin“) (Stjtíð. ESB 2000 L 327, bls. 1 og EES-viðbætir 2011, nr. 10, bls. 1) var felld inn í EES- samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007 (Stjtíð. ESB 2008 L 47, bls. 53 og EES-viðbætir 2008 nr. 9, bls. 41) („ákvörðun nr. 125/2007“). Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 var vatnatilskipunin felld inn í lið 13ca í XX. viðauka EES-samningsins (Umhverfismál). Ísland, Noregur og Liechtenstein tilkynntu um stjórnskipulega fyrirvara. Fyrirvörunum var aflétt 6. mars 2009 og ákvörðunin tók gildi 1. maí 2009.

6 Í b-lið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.125/2007 segir:

Frestir, sem settir eru í ii. og iii. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr., ii. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr., c-lið 1. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 10. gr., 7. og 8. mgr. 11. gr., 6. og 7. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 17. gr. tilskipunarinnar og taldir eru frá gildistökudegi tilskipunarinnar, skulu lesnir þannig að þeir séu taldir frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007 sem hefur að geyma ákvæði um að fella tilskipun þessa inn í samninginn.

Í samræmi við 11. mgr. bókunar 1 um altæka aðlögun skulu allar tilvísanir til dagsins, sem um getur í 24. gr., lesnar sem tilvísanir til gildistökudags ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 frá 28. september 2007 sem hefur að geyma ákvæði um að fella tilskipun þessa inn í samninginn.

7 Í sameiginlegri yfirlýsingu vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2007 segir:

Samningsaðilum er ljóst að vötn um alla Evrópu verða fyrir fjölbreytilegu álagi og áhrifum af mannavöldum. Því getur verið mismunandi frá einu svæði til annars hvaða ráðstafana og aðgerða er þörf til að ná umhverfismarkmiðum tilskipunarinnar. Í rammatilskipuninni um vatn er tekið tillit til þessara fjölbreytilegu aðstæðna. Í henni er yfirvöldum, sem hafa framkvæmd tilskipunarinnar með höndum, látið eftir að ákveða hvaða ráðstafanir og aðgerðir henta best til að mæta ríkjandi álagi og áhrifum þannig að umhverfismarkmiðin náist.

8 Í 1., 19., 25. og 32. lið formálsorða vatnatilskipunarinnar segir:

(1) Vatn er ekki eins og hver önnur verslunarvara heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka.

(19) Þessi tilskipun miðar að því að viðhalda og bæta ástand vatns í Bandalaginu. Þetta markmið snertir fyrst og fremst gæði vatnsins er um ræðir. Vatnsmagn er enn fremur einn þeirra þátta sem þarf að líta eftir með tilliti til vatnsgæða og því ber einnig að gera ráðstafanir varðandi magn til að ná megi því markmiði að tryggja mikil gæði.

(25) Ákveða skal sameiginlegar skilgreiningar á ástandi vatns að því er varðar gæði og, þar sem við á vegna umhverfisverndar, að því er varðar magn. Setja skal umhverfismarkmið sem miða að því að tryggja gott ástand yfirborðsvatns og grunnvatns í gervöllu Bandalaginu og að komið sé í veg fyrir að ástand vatns á vettvangi Bandalagsins versni.

(32) Við sérstakar aðstæður má veita undanþágur frá kröfunni um að koma í veg fyrir að ástandið versni eða koma ástandinu í gott horf ef skaðinn er afleiðing ófyrirsjáanlegra eða sérstakra aðstæðna, einkum flóða og þurrka, eða nýorðinna breytinga á eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða breytinga á grunnvatnshloti vegna þess að hagsmunir almennings krefjist þess, að því tilskildu að allar tiltækar ráðstafanir séu gerðar til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlotsins.

9 Í 1. gr. vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Tilgangur“, segir:

Tilgangurinn með þessari tilskipun er að setja ramma um vernd yfirborðsvatns á landi, árósavatns, strandsjávar og grunnvatns sem:

a) kemur í veg fyrir frekari afturför og verndar og bætir ástand vatnavistkerfa og, að því er varðar vatnsþörf þeirra, vistkerfa á landi og í votlendi sem eru beint háð vistkerfum í vatni,

b) stuðlar að sjálfbærri notkun vatns sem byggir á langtímavernd vatnslinda sem eru fyrir hendi

...

og stuðlar þar með að því:

— að til sé nóg af góðu yfirborðsvatni og grunnvatni til sjálfbærrar, jafnvægrar og réttlátrar vatnsnotkunar,

...

10 Í 2 gr. vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Skilgreiningar“, segir :

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

...

19) „Ástand grunnvatns“: almennt hugtak um ástand grunnvatnshlots sem ákvarðast af magnstöðu eða efnafræðilegu ástandi þess, eftir því hvort er lakara.

20) „Gott ástand grunnvatns“: ástand grunnvatnshlots þegar bæði magnstaða og efnafræðilegt ástand þess er a.m.k. „góð/gott“.

...

25) „Gott, efnafræðilegt ástand grunnvatns“: efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots sem uppfyllir öll skilyrði töflu 2.3.2 í V. viðauka.

...

28) „Góð magnstaða“: sú staða sem skilgreind er í töflu 2.1.2 í V. viðauka.

...

11 Í 1. og 4. mgr. 3. gr. vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Samræming stjórnsýslufyrirkomulags innan vatnasviðaumdæma“, segir:

1. Aðildarríkin skulu tilgreina öll vatnasvið á yfirráðasvæði sínu og skipa þeim niður, að því er varðar þessa tilskipun, í sérstök vatnasviðaumdæmi. Lítil vatnasvið má sameina stærri vatnasviðum eða sameina þau aðliggjandi, litlum vatnasviðum og mynda þannig sérstök vatnasviðaumdæmi þar sem við á. Ef grunnvatn fylgir ekki að öllu leyti tilteknu vatnasviði skal tilgreina mörk þess og skipa því niður með næsta vatnasviðaumdæmi eða því sem liggur beinast við að það tengist. Afmarka skal strandsjó og skipa honum niður á næsta eða næstu vatnasviðaumdæmi eða það eða þau sem beinast liggur við að það tengist.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að kröfur þessarar tilskipunar um að umhverfismarkmiðin, sem sett eru í 4. gr., nái fram að ganga og séu samræmdar fyrir vatnasviðaumdæmið í heild sinni, einkum allar áætlanir um ráðstafanir. Að því er varðar alþjóðleg vatnasviðaumdæmi skulu viðkomandi aðildarríki tryggja þessa samræmingu í sameiningu og geta, í því skyni, stuðst við gildandi skipulag sem byggir á alþjóðasamningum. Að beiðni viðkomandi aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin gera sitt til að auðvelda það að koma í kring áætlunum um ráðstafanir.

12 Í 4. gr. vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Umhverfismarkmið“, segir

1. Við framkvæmd áætlana um ráðstafanir, sem tilgreindar eru í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, gildir eftirfarandi:

...

b) þegar um er að ræða grunnvatn,

i. aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takmarka losun mengunarvalda í grunnvatn og koma í veg fyrir að ástand nokkurs grunnvatnshlots versni, samanber þó beitingu 6. og 7. mgr. og 8. mgr. þessarar greinar, og með fyrirvara um beitingu j-liðar 3. mgr. 11. gr.,

ii. aðildarríkin skulu vernda, styrkja og endurheimta öll grunnvatnshlot, tryggja jafnvægi milli vatnstöku og endurnýjunar grunnvatns í því skyni að ástand grunnvatns verði orðið gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í V. viðauka, með fyrirvara um framlengingu frests skv. 4. mgr. og um beitingu 5., 6. og 7. mgr., samanber þó 8. mgr. þessarar greinar og beitingu j-liðar 3. mgr. 11. gr.,

iii. aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að snúa við umtalsverðri og viðvarandi, stígandi leitni í styrk hvers kyns mengunarvalda, sem rekja má til starfsemi manna, í því skyni að draga jafnt og þétt úr mengun grunnvatns.

Ráðstafanir til að snúa við slíkri leitni skulu gerðar í samræmi við 2., 4. og 5. mgr. 17. gr., að teknu tilliti til gildandi staðla, sem settir eru fram í viðkomandi löggjöf Bandalagsins, með fyrirvara um beitingu 6. og 7. mgr., samanber þó 8. mgr.,

...

2. Ef fleiri en eitt markmiðanna í 1. mgr. tengist tilteknu vatnshloti skal það gilda sem strangast er.

...

7. Aðildarríkin teljast ekki brjóta í bága við þessa tilskipun ef:

— ástæðuna fyrir því ekki tókst að ná fram góðu ástandi vatns, góðu vistfræðilegu ástandi eða, þar sem við á, góðu vistmegni eða koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatnshlots eða grunnvatnshlots versnaði má rekja til nýorðinna breytinga á eðlisrænum eiginleikum yfirborðsvatnshlotsins eða breytinga á hæð grunnvatnshlota eða

— ástæðuna fyrir því að ekki tókst að koma í veg fyrir að ástand yfirborðsvatnshlots breyttist úr mjög góðu ástandi í gott ástand má rekja til nýrrar sjálfbærra umsvifa manna,

og að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) allar tiltækar ráðstafanir eru gerðar til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlotsins,

b) ástæðurnar fyrir þessum breytingum eru sérstaklega tilgreindar og útskýrðar í stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmið, sem krafist er skv. 13. gr. og markmiðin eru endurskoðuð á sex ára fresti,

c) ástæðurnar fyrir þessum lagfæringum eða breytingum eru þyngri á metunum vegna almannaheilla og/eða ávinningurinn af nýju breytingunum fyrir heilsu og öryggi manna eða sjálfbæra þróun vega þyngra en ávinningur umhverfisins og þjóðfélagsins af því að markmiðin í 1. mgr. náist og

d) markmiðin um ávinning af þessum breytingum á vatnshlotinu geta ekki, vegna þess að þau eru e.t.v. ekki gerleg eða geta ekki vegna óhóflegs kostnaðar, náðst á sanngjarnan hátt með annarri aðferð sem yrði umtalsvert betri kostur með tilliti til umhverfissjónarmiða.

8. Við beitingu 3., 4., 5., 6. og 7. mgr. skal aðildarríki tryggja að beitingin útiloki hvorki né stefni í hættu markmiðum þessarar tilskipunar að því er varðar önnur vatnshlot á sama vatnasviðaumdæmi og að hún samrýmist framkvæmd annarrar umhverfislöggjafar Bandalagsins.

9. Gera verður ráðstafanir til að tryggja að beiting nýrra ákvæða, þ.m.t. beiting 3., 4., 5., 6. og 7. mgr., tryggi a.m.k. sömu vernd og gildandi löggjöf Bandalagsins.

13 Í 5. gr. vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Eiginleikar vatnasviðaumdæmisins, endurskoðun á umhverfisáhrifum af mannavöldum og efnahagsleg greining á vatnsnotkun“, segir:

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að fyrir hvert vatnasviðaumdæmi eða hluta af alþjóðlegu vatnasviðaumdæmi, sem heyrir undir yfirráðasvæði þess, fari fram:

— greining á eiginleikum þess,

— mat á áhrifum af starfsemi manna á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns og

— efnahagsleg greining á vatnsnotkun,

í samræmi við tækniforskriftirnar, sem settar eru fram í II. og III. viðauka, og að þeim sé lokið eigi síðar en fjórum árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar.

2. Fara skal yfir greiningarnar og matið, sem um er rætt í 1. mgr., og uppfæra þau, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 13 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar og á sex ára fresti eftir það.

14 Í 8. gr. vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns og vöktun verndaðra svæða“, segir:

1. Aðildarríkin skulu tryggja að komið verði á áætlunum um vöktun á ástandi vatns til að skapa samfellda heildaryfirsýn yfir ástand vatns innan hvers vatnasviðaumdæmis:

— að því er varðar yfirborðsvatn skulu slíkar áætlanir taka til:

i. magns og hæð vatnsborðs eða hraða rennslisins að því marki sem nauðsynlegt er með tilliti til vist- og efnafræðilegs ástands og vistmegins og

ii. vist- og efnafræðilegs ástands og vistmegins,

— að því er varðar grunnvatn skulu slíkar áætlanir taka til vöktunar á efnafræðilegu ástandi og magnstöðu,

— að því er varðar vernduð svæði skulu forskriftirnar, sem er að finna í löggjöf Bandalagsins og sem verndarsvæðin falla undir, koma til viðbótar við framangreindar áætlanir.

2. Þessar áætlanir skulu koma til framkvæmdar eigi síðar en sex árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, nema kveðið sé á um annað í viðkomandi löggjöf. Slík vöktun skal vera í samræmi við kröfur V. viðauka.

3. Mælt skal fyrir um tækniforskriftir og staðlaðar aðferðir við greiningu á og vöktun á ástandi vatns í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.

15 Í 11. gr. vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Áætlun um ráðstafanir“, segir:

1. Sérhvert aðildarríki skal sjá til þess að fyrir hvert vatnasviðaumdæmi, eða hluta af alþjóðlegu vatnasviðaumdæmi á yfirráðasvæði þess, sé komið á áætlun um ráðstafanir þar sem tekið er tillit til niðurstaðna úr greiningunum, sem krafist er skv. 5. gr., til að markmiðin, sem sett eru í 4. gr. náist. Slíkar áætlanir um ráðstafanir geta vísað til ráðstafana í kjölfar löggjafar, sem samþykkt hefur verið á vettvangi tiltekins aðildarríkis og nær til alls yfirráðasvæðis þess. Þar sem við á getur aðildarríki samþykkt ráðstafanir sem gilda um öll vatnasviðaumdæmi og/eða hluta alþjóðlegra vatnasviðaumdæma á yfirráðasvæði þess.

2. Sérhver áætlun um ráðstafanir skal taka til „grunnráðstafananna“, sem tilgreindar eru í 3. mgr., auk „viðbótarráðstafana“, þar sem nauðsyn ber til.

3. „Grunnráðstafanir“ eru eftirfarandi lágmarkskröfur sem uppfylla þarf:

a) ráðstafanir, sem krafist er til framkvæmdar á löggjöf Bandalagsins um vernd vatns, þ.m.t. ráðstafanir sem krafist er samkvæmt löggjöfinni sem tilgreind er í 10. gr. og í A- hluta VI. viðauka,

b) ráðstafanir sem teljast viðeigandi vegna 9. gr.,

c) ráðstafanir til að stuðla að hagkvæmri og sjálfbærri vatnsnotkun til að markmiðunum, sem tilgreind eru í 4. gr., sé ekki stefnt í hættu,

…

5. Ef vöktunargögn eða önnur gögn gefa til kynna að ólíklegt sé að markmiðin, sem sett voru í 4. gr. fyrir vatnshlot, náist skal aðildarríkið sjá til þess:

— að hugsanlegar orsakir þess að markmiðin náist ekki séu rannsakaðar,

— að viðeigandi heimildir og leyfi séu rannsökuð og endurskoðuð eftir því sem við á,

— að vöktunaráætlanir séu endurskoðaðar og aðlagaðar eftir því sem við á og

— að komið sé á viðbótarráðstöfunum, sem kunna að vera nauðsynlegar til að þessi markmið náist, þ.m.t. setning strangari umhverfisgæðakrafna, eftir því sem við á, samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í V. viðauka.

Ef um er að ræða náttúrulegar orsakir eða óviðráðanlegar aðstæður, sem eru óvenjulegar og ekki hefði verið hægt að sjá fyrir með góðu móti, s.s. stórflóð og langvarandi þurrka, geta aðildarríkin ákveðið að viðbótarráðstafanir séu ekki framkvæmanlegar, með fyrirvara um 6. mgr. 4. gr.

…

16 Í 13. gr. vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi“, segir:

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að gerð sé stjórnunaráætlun fyrir hvert vatnasviðaumdæmi sem liggur að öllu leyti innan yfirráðasvæðis þess.

…

6. Stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi skulu birtar eigi síðar en níu árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar.

7. Stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi skulu endurskoðaðar og uppfærðar eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar og á sex ára fresti eftir það.

17 Í 1. mgr. 14. gr. vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Opinber upplýsingagjöf og samráð við almenning“, segir:

1. Aðildarríkin skulu hvetja alla hagsmunaaðila til virkrar þátttöku við framkvæmd þessarar tilskipunar, einkum við að semja, endurskoða og uppfæra stjórnunaráætlanir fyrir vatnasviðaumdæmi. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrir

hvert vatnasviðaumdæmi sé eftirfarandi birt og almenningi, þ.m.t. notendur, gert kleift að koma á framfæri athugasemdum við það:

a) tíma- og vinnuáætlun fyrir gerð áætlunarinnar, þ.m.t. yfirlýsing um þær ráðstafanir um samráð sem gera á, a.m.k. þremur árum áður en tímabilið, sem áætlunin vísar til, hefst;

b) bráðabirgðayfirlit yfir mikilvæg mál í sambandi við vatnsstjórnun, sem upp koma varðandi vatnasviðið, eigi síðar en tveimur árum áður en tímabilið, sem áætlunin vísar til, hefst;

c) afrit að uppkasti stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmi eigi síðar en einu ári áður en tímabilið, sem áætlunin vísar til, hefst.

Ef um það er beðið skal veita aðgang að þeim skjölum og upplýsingum sem notuð eru við samningu á uppkasti stjórnunaráætlunar fyrir vatnasviðaumdæmið.

18 Í 2. lið II. viðauka vatnatilskipunarinnar segir:

2. GRUNNVATN

2.1. Fyrsta lýsing á eiginleikum

Aðildarríkin skulu láta útbúa fyrstu lýsingu á öllum grunnvatnshlotum til að meta notkun þeirra og hversu mikil hætta er á að markmiðin í 4. gr. náist ekki fyrir hvert grunnvatnshlot. Aðildarríkin geta flokkað nokkur grunnvatnshlot saman þegar fyrstu lýsingar af þessu tagi eru gerðar. Við þessa greiningu má nota fyrirliggjandi, vatnafræðileg, jarðfræðileg og jarðvegsfræðileg gögn, gögn um landnýtingu, sleppingu, vatnstöku og annað, og í þeim skal koma fram:

— staðsetning og mörk grunnvatnshlotsins eða -hlotanna,

— álagið sem grunnvatnshlotið eða -hlotin geta verið undir, þ.m.t.:

— dreifð upptök mengunar

— punktupptök mengunar

— vatnstöku

— endurnýjun grunnvatns af mannavöldum

— almennir eiginleikar lagsins sem liggur yfir aðrennslissvæðinu sem grunnvatnshlotið endurnýjast frá,

— grunnvatnshlot þar sem vistkerfi yfirborðsvatns eða landvistkerfi eru háð þeim beint.

2.2. Frekari lýsing á eiginleikum

Í kjölfar þessarar fyrstu lýsingar á eiginleikum skulu aðildarríkin láta útbúa frekari lýsingu á eiginleikum þeirra grunnvatnshlota eða hópa grunnvatnshlota, sem talið er að séu í hættu, til að unnt sé að meta á nákvæmari hátt mikilvægi slíkrar hættu og tilgreina hvers kyns ráðstafanir sem krafist er í 11. gr. Af þessum sökum skal þessi lýsing á eiginleikum innihalda upplýsingar, sem málið varða, um áhrif af starfsemi manna og, þar sem við á, upplýsingar um:

— jarðfræðilega eiginleika grunnvatnshlotsins, þ.m.t. umfang og gerðir jarðfræðilegra eininga þess,

— vatnajarðfræðilega eiginleika grunnvatnshlotsins, þ.m.t. vatnsleiðni, grop og þrýstiaðstæður,

— eiginleika yfirborðssets og jarðvegs á aðrennslissvæðinu sem grunnvatnshlotið endurnýjast frá, þ.m.t. þykkt, grop, vatnsleiðni og gleypni sets og jarðvegs,

— einkenni lagskiptingar grunnvatnsins innan grunnvatnshlotsins,

— skrá yfir tengd yfirborðskerfi, þ.m.t. landvistkerfi og yfirborðsvatnshlot sem grunnvatnshlotið tengist á hreyfifræðilegan hátt,

— mat á stefnu og umfangi vatnsskipta milli grunnvatnshlotsins og tengdra yfirborðskerfa og

— gögn sem nægja til að reikna út árlegt meðaltal heildarendurnýjunar grunnvatns til langs tíma,

— lýsing á eiginleikum efnasamsetningar grunnvatnsins, þar sem það er tilgreint nákvæmlega sem rekja má til starfsemi manna. Aðildarríkin geta stuðst við formgerðarflokkun til að lýsa eiginleikum grunnvatns þegar náttúruleg bakgrunnsgildi eru ákvörðuð fyrir þessi grunnvatnshlot.

2.3. Yfirlit yfir áhrif sem starfsemi manna hefur á grunnvatn

Að því er varðar þau grunnvatnshlot, sem ná yfir landamæri tveggja eða fleiri aðildarríkja eða sem, í samræmi við fyrstu lýsingu á eiginleikum sem fram fór skv. lið 2.1, talið er að nái ekki markmiðunum sem sett eru fyrir hvert hlot skv. 4. gr., skal upplýsingum um eftirfarandi safnað, eftir því sem við á, og þær geymdar fyrir hvert grunnvatnshlot:

a) staðsetning þeirra staða í grunnvatnshlotinu þar sem vatnstaka fer fram, að undanskildum:

— stöðum þar sem fram fer vatnstaka sem nemur minna en 10 m3 á dag að meðaltali eða

— stöðum þar sem fram fer neysluvatnstaka sem nemur minna en 10 m3 á dag að meðaltali eða sem sér færri en 50 manns fyrir vatni,

b) árleg meðalvatnstaka á slíkum stöðum,

c) efnasamsetning vatns sem tekið er úr grunnvatnshlotinu,

d) staðsetning staða í grunnvatnshlotinu þar sem vatni er veitt beint í grunnvatnið,

e) umfang veitunnar á slíkum stöðum,

f) efnasamsetning vatnsins sem veitt er í grunnvatnshlotið og

g) landnýting á aðrennslissvæðinu eða -svæðunum, sem grunnvatnshlotið endurnýjast frá, þ.m.t. mengun og breytingar af mannavöldum á endurnýjun grunnvatnsins, s.s. með veitingu regnvatns og frárennslis í nýjan farveg með fyrirhleðslu, endurnýjun grunnvatns af mannavöldum, stíflugerð eða framræslu.

2.4. Yfirlit yfir áhrif af breytingum á hæð grunnvatnsborðs

Aðildarríkin skulu einnig tilgreina þau grunnvatnshlot sem eru þess eðlis að fyrir þau skal, skv. 4. gr., setja vægari markmið, m.a. eftir að tillit hefur verið tekið til þeirra áhrifa sem ástand hlotsins hefur á:

i. yfirborðsvatn og tengd landvistkerfi

ii. vatnsstjórnun, flóðavarnir og framræslu lands

iii. þróun lífskjara.

2.5. Yfirlit yfir áhrif mengunar á gæði grunnvatns

Aðildarríkin skulu tilgreina þau grunnvatnshlot sem eru þess eðlis að fyrir þau eru sett, skv. 5. mgr. 4. gr., vægari markmið ef grunnvatnshlotið er, vegna áhrifa af starfsemi manna, eins og ákvarðað er í samræmi við 1. mgr. 5. gr., svo mengað að það yrði óhagkvæmt eða óhóflega dýrt að ná fram góðu efnafræðilegu ástandi grunnvatns.

19 Í III. viðauka vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Efnahagsleg greining“, segir:

Í efnahagslegu greiningunni skulu vera nægar upplýsingar og nægilega nákvæmar (með tilliti til kostnaðarins af öflun viðkomandi upplýsinga) til þess að:

a) gera viðkomandi útreikninga, sem eru nauðsynlegir með tilliti til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, skv. 9. gr., með tilliti til langtímaspár um framboð og eftirspurn eftir vatni á vatnasviðaumdæminu og, ef nauðsyn krefur:

— mat á umfangi, verði og kostnaði í tengslum við vatnsþjónustu og

— mat á tilheyrandi fjárfestingum, þ.m.t. spár um slíkar fjárfestingar,

b) meta, út frá mati á hugsanlegum kostnaði vegna slíkra ráðstafana, hagkvæmustu samsetningu ráðstafana, að því er varðar vatnsnotkun, sem taka má inn í áætlun um ráðstafanir skv. 11. gr.

20 Í 2. lið í V. viðauka vatnatilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „grunnvatn“, segir:

2.1. Magnstaða grunnvatns

2.1.1. Færibreyta fyrir flokkun á magnstöðu

Breytingar á hæð grunnvatnsborðs

2.1.2. Skilgreining á magnstöðu

Þættir	*Gott ástand*
Hæð grunnvatnsborðs	*Hæð vatnsborðs í grunnvatnshlotinu er þannig að meðalvatnstaka á ári til langs tíma er ekki meiri en grunnvatnsauðlindin sem er tiltæk.* *Hæð grunnvatnsborðsins verður þar af leiðandi ekki fyrir breytingum af mannavöldum sem gætu haft í för með sér:* *— að ekki tekst að ná umhverfismarkmiðunum, sem tilgreind eru í 4. gr. fyrir yfirborðsvatn sem tengjast henni,* *— að ástandi slíks vatns hrakar umtalsvert,* *— umtalsvert tjón á landvistkerfum sem eru háð grunnvatnshlotinu beint,* *og breytingar á straumstefnu, sem stafa af vatnsborðsbreytingum, geta átt sér stað tímabundið, eða stöðugt á afmörkuðu svæði, en slíkar breytingar hafa ekki í för með sér innstreymi salts vatns eða annars og benda ekki til viðvarandi og greinilegrar breytingar á straumstefnu af mannavöldum sem líklegt er að leiði til slíks innstreymis.*

2.2. Vöktun á magnstöðu grunnvatns

2.2.1. Vöktunarnet fyrir hæð grunnvatnsborðs

Koma skal á vöktunarneti fyrir grunnvatn í samræmi við kröfur í 7. og 8. gr. Tilhögun vöktunarnetsins skal vera þannig að með því fáist áreiðanlegt mat á magnstöðu allra grunnvatnshlota eða hópa grunnvatnshlota, þ.m.t. tiltæku grunnvatnsauðlindarinnar. Aðildarríkin skulu leggja fram með stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi eitt eða fleiri kort sem sýna vöktunarnet fyrir grunnvatn.

2.2.2. Þéttleiki vöktunarstaða

Í netinu skulu vera nægilega margir, dæmigerðir vöktunarstaðir til að unnt sé að meta hæð grunnvatnsborðs í hverju grunnvatnshloti eða hópi grunnvatnshlota, að teknu tilliti til skammtíma- og langtímabreytinga á endurnýjun grunnvatns og einkum:

— tryggja, að því er varðar grunnvatnshlot sem talið er að uppfylli ekki umhverfismarkmiðin í 4. gr., að þéttleiki vöktunarstaða sé nægur til að meta megi áhrif vatnstöku og veitu á hæð grunnvatnsborðs.

— tryggja, að því er varðar grunnvatnshlot þar sem grunnvatn streymir yfir landamæri aðildarríkis, að nægilega margir vöktunarstaðir séu fyrir hendi til að meta stefnu og rennslishraða grunnvatnsins yfir landamæri aðildarríkisins.

2.2.3. Tíðni vöktunar

Athuganir skulu gerðar nægilega oft til að unnt sé að meta magnstöðu hvers grunnvatnshlots eða hóps grunnvatnshlota, að teknu tilliti til skammtíma- og langtímabreytinga á endurnýjun grunnvatns. Tíðni athugananna skal einkum tryggja:

— að því er varðar grunnvatnshlot, sem talið er að uppfylli ekki umhverfismarkmiðin í 4. gr., að mælingar fari fram nægilega oft til að meta megi áhrif vatnstöku og veitu á hæð grunnvatnsborðs.

— að því er varðar grunnvatnshlot, þar sem grunnvatn streymir yfir landamæri aðildarríkis, að mælingar fari fram nægilega oft til að meta megi stefnu og rennslishraða grunnvatnsins yfir landamæri aðildarríkisins.

2.2.4. Túlkun og framsetning á magnstöðu grunnvatns

Niðurstöður vöktunarnetsins varðandi grunnvatnshlot eða hópa grunnvatnshlota skulu notaðar til að meta magnstöðu þess hlots eða þeirra hlota. Með fyrirvara um lið 2.5 skulu aðildarríkin leggja fram kort sem sýnir þetta mat á magnstöðu grunnvatns, merkt með eftirfarandi litakóða:

Gott grænt

Slakt rautt

2.3. Efnafræðilegt ástand grunnvatns

2.3.1. Færibreytur til að ákvarða efnafræðilegt ástand grunnvatns

Leiðni

Styrkur mengunarvalda

2.3.2. Skilgreining á góðu, efnafræðilegu ástandi grunnvatns

Þættir	*Gott ástand*
Almennt	*Efnafræðileg samsetning grunnvatnshlotsins er þannig að styrkur mengunarvalda:* *— eins og hann er tilgreindur hér á eftir, sýnir ekki áhrif vegna innstreymis salts vatns eða annars* *— er ekki yfir gildandi gæðakröfum samkvæmt annarri viðkomandi löggjöf Bandalagsins í samræmi við 17. gr.* *— er ekki þannig að það geti leitt til þess að umhverfismarkmiðin, sem tilgreind eru í 4. gr. fyrir tengt yfirborðsvatn, náist ekki né til þess að vistfræðilegum eða efnafræðilegum gæðum slíkra vatnshlota hrakaði umtalsvert eða umtalsvert tjón yrði á landvistkerfum sem eru háð grunnvatnshlotinu beint.*
Leiðni	*Breytingar á leiðni benda ekki til innstreymis salts vatns eða annars inn í grunnvatnshlotið*

2.4. Vöktun á efnafræðilegu ástandi grunnvatns

2.4.1. Vöktunarnet fyrir grunnvatn

Koma skal upp vöktunarneti fyrir grunnvatn í samræmi við kröfur 7. og 8. gr. Tilhögun vöktunarnetsins skal vera þannig að það gefi samfellda heildaryfirsýn yfir efnafræðilegt ástand innan hvers vatnasviðs og geri kleift að greina hvort leitni í styrk mengunarvalda af mannavöldum sé stígandi á löngum tíma.

Á grundvelli lýsingar á eiginleikum og mats á áhrifum, sem fram fer í samræmi við 5. gr. og II. viðauka, skulu aðildarríkin koma á yfirlitsvöktunaráætlun fyrir hvert tímabil sem stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi gildir. Niðurstöður

þessarar áætlunar skulu notaðar til að koma á fót áætlun um aðgerðavöktun sem gilda skal til loka áætlunartímabilsins.

Í áætluninni skal koma fram mat á áreiðanleika og nákvæmni niðurstaðna vöktunaráætlananna.

2.4.2. Yfirlitsvöktun

Markmið

Yfirlitsvöktun skal fara fram til þess að:

— bæta við og fullgilda aðferðina við mat á áhrifum,

— afla upplýsinga til að nota við mat á leitni til langs tíma sem stafar bæði af breytingum á náttúrulegum skilyrðum og af starfsemi manna.

Val á vöktunarstöðum

Nægilega margir vöktunarstaðir skulu valdir fyrir hvorn flokk sem hér fer á eftir:

— fyrir vatnshlot sem eru í hættu samkvæmt lýsingu á eiginleikum sem gerð var í samræmi við II. viðauka,

— fyrir vatnshlot sem ná yfir landamæri aðildarríkis.

Val á færibreytum

Í öllum völdum grunnvatnshlotum skal fylgst með eftirtöldum grunnfæribreytum:

— súrefnisinnihaldi

— gildi sýrustigs

— leiðni

— nítrati

— ammoníum

Í hlotum, sem talið er í samræmi við II. viðauka að umtalsverð hætta sé á að nái ekki góðu ástandi, skal einnig fylgjast með þeim breytum sem benda til álags af þessu tagi.

Í vatnshlotum, sem eru á landamærum, skal einnig fylgjast með þeim breytum sem eiga við um vernd með tilliti til allrar notkunar grunnvatnsrennslisins.

2.4.3. Aðgerðavöktun

Markmið

Aðgerðavöktun skal fara fram á þeim tíma sem líður milli yfirlitsvöktunaráætlana til þess að:

— ákvarða efnafræðilegt ástand allra grunnvatnshlota eða hópa grunnvatnshlota sem úrskurðað hefur verið að séu í hættu,

— ákvarða hvort leitni í styrk mengunarvalda af mannavöldum sé stígandi á löngum tíma.

Val á vöktunarstöðum

Aðgerðavöktun skal fara fram fyrir öll þau grunnvatnshlot eða hópa -hlota sem, á grundvelli bæði mats á áhrifum sem unnið er skv. II. viðauka og yfirlitsvöktunar, er talið að nái ekki markmiðunum í 4. gr. Val á vöktunarstöðum skal einnig endurspegla mat á því hversu dæmigerð vöktunargögn frá þeim stað eru fyrir gæði viðkomandi grunnvatnshlots eða -hlota.

Tíðni vöktunar

Aðgerðavöktun skal fara fram á tímanum milli yfirlitsvöktunaráætlana, þ.e. nægilega oft til að greina áhrif viðkomandi álags en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

2.4.4. Greining á leitni í styrk mengunarvalda

Aðildarríkin skulu styðjast við gögn bæði frá yfirlits- og aðgerðarvöktuninni við greiningu á því hvort leitni í styrk mengunarvalda af mannavöldum sé stígandi á löngum tíma og hvernig snúa megi slíkri leitni við. Koma skal fram frá hvaða grunnári eða -tímabili leitnin er reiknuð. Útreikningur á leitninni skal fara fram fyrir eitt grunnvatnshlot eða fleiri, eftir því sem við á. Sýna skal fram á það með tölfræðilegum upplýsingum að leitninni hafi verið snúið við og skal áreiðanleikastig greiningarinnar koma fram.

2.4.5. Túlkun og framsetning á efnafræðilegu ástandi grunnvatns

Við mat á ástandinu skulu niðurstöður frá sérhverjum vöktunarstað innan grunnvatnshlotsins lagðar saman fyrir hlotið sem heild. Til að unnt sé að ná fram góðu ástandi grunnvatnshlots, að því er varðar þær efnafræðilegu breytur sem settar hafa verið umhverfisgæðakröfur fyrir í löggjöf Bandalagsins, skal, með fyrirvara um viðkomandi tilskipanir:

— reikna út meðaltalsgildi niðurstaðna úr vöktun á hverjum stað í grunnvatnshloti eða hópi grunnvatnshlota og

— í samræmi við 17. gr. skal stuðst við þessi meðaltalsgildi til að sýna fram á gott, efnafræðilegt ástand grunnvatnsins.

Með fyrirvara um lið 2.5 skulu aðildarríkin leggja fram kort, sem sýnir efnafræðilegt ástand grunnvatnsins, merkt með eftirfarandi litakóða:

Gott grænt

Slakt rautt

Aðildarríkin skulu einnig gefa til kynna, með svörtum díl á kortinu, í hvaða grunnvatnshlotum er umtalsverð og viðvarandi, stígandi leitni í styrk mengunarvalds sem stafar af áhrifum af starfsemi manna. Þar sem leitninni hefur verið snúið við er blár díll á kortinu.

Þessi kort skulu vera hluti af stjórnunaráætluninni fyrir vatnasviðaumdæmið.

2.5. Framsetning á ástandi grunnvatns

Aðildarríkin skulu leggja fram með stjórnunaráætlun fyrir vatnasviðaumdæmi kort sem sýnir magnstöðu og efnafræðilegt ástand sérhvers grunnvatnshlots eða hóps grunnvatnshlota, merkt með litakóða í samræmi við liði 2.2.4 og 2.4.5. Aðildarríkin geta ákveðið að leggja ekki fram sérstök kort samkvæmt liðum 2.2.4 og 2.4.5 en skulu í því tilviki tilgreina, í samræmi við kröfur í lið 2.4.5, á kortinu sem krafist er samkvæmt þessum þætti, þau vatnshlot þar sem greinst hefur umtalsverð og viðvarandi, stígandi leitni í styrk mengunarvalds eða þar sem slíkri leitni hefur verið snúið við.

21 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu (Stjtíð. ESB 2006 L 372, bls. 19 og EES-viðbætir 2014, nr. 73, bls. 1000) („grunnvatnstilskipunin“) var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2009 frá 3. júlí 2009 (Stjtíð. ESB 2009 L 277, bls. 39 og EES-viðbætir 2009 nr. 56, bls. 17) („ákvörðun nr. 87/2009“) og vísað er til hennar í lið 13caa í XX. viðauka EES-samningsins (Umhverfismál). Ísland tilkynnti um stjórnskipulegan fyrirvara. Fyrirvaranum var aflétt 24. maí 2011. Ákvörðunin tók gildi 1. júlí 2011.

22 Í 3. gr. grunnvatnstilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Viðmiðanir til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatns“, segir:

1. Til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots eða hóps grunnvatnshlota samkvæmt lið 2.3 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB skulu aðildarríkin nota eftirfarandi viðmiðanir:

a) gæðakröfur fyrir grunnvatn sem um getur í I. viðauka,

b) viðmiðunargildi sem aðildarríkin eiga að fastsetja í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í A-hluta II. viðauka fyrir mengunarvalda, hópa mengunarvalda og mengunarvísa innan yfirráðasvæðis aðildarríkis sem staðfest hefur verið að stuðli að því að grunnvatnshlot eða hópar grunnvatnshlota séu talin í áhættu, þar sem a.m.k. er tekið tillit til skrárinnar í B-hluta II. viðauka.

Viðmiðunargildin fyrir gott, efnafræðilegt ástand skulu byggjast á verndun grunnvatnshlotsins í samræmi við 1., 2. og 3. lið í A-hluta II. viðauka og sérstakt tillit skal tekið til áhrifa á og innbyrðis tengsla við yfirborðsvatn sem tengist því og landvistkerfi og votlendi sem eru beint háð því og skal m.a. taka tillit til þekkingar varðandi eiturefnafræði manna (e. human toxicology) og visteiturefnafræði.

2. Unnt er að fastsetja viðmiðunargildi á landsvísu fyrir vatnasviðaumdæmi eða fyrir hluta af alþjóðlegu vatnasviðaumdæmi sem fellur innan yfirráðsvæðis aðildarríkis eða fyrir grunnvatnshlot eða hópa grunnvatnshlota.

3. Að því er varðar grunnvatnshlot sem tvö eða fleiri aðildarríki deila og hópa grunnvatnshlota þar sem grunnvatn streymir yfir landamæri aðildarríkis skulu viðkomandi aðildarríki sjá til þess að viðmiðunargildin séu samræmd í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

4. Ef grunnvatnshlot eða hópur grunnvatnshlota nær út fyrir yfirráðasvæði Bandalagsins skal aðildarríkið eða -ríkin, sem í hlut eiga, kappkosta að fastsetja viðmiðunargildi í samkomulagi við viðkomandi ríki (eitt eða fleiri) utan Bandalagsins í samræmi við 5. mgr. 3. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

5. Aðildarríkin skulu fastsetja viðmiðunargildi samkvæmt b-lið 1. mgr., í fyrsta sinn eigi síðar en 22. desember 2008.

Birta skal öll fastsett viðmiðunargildi í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi, sem leggja skal fram í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB, þ.m.t. samantekt með upplýsingunum sem koma fram í C-hluta II. viðauka við þessa tilskipun.

6. Aðildarríkin skulu breyta skránni yfir viðmiðunargildi þegar nýjar upplýsingar um mengunarvalda, hópa mengunarvalda eða mengunarvísa benda til þess að setja skuli viðmiðunargildi fyrir fleiri efni, að breyta skuli fyrirliggjandi viðmiðunargildi fyrir efni eða að setja skuli aftur inn viðmiðunargildi fyrir efni sem var áður í skránni, til þess að vernda heilbrigði manna og umhverfið.

Unnt er að fjarlægja viðmiðunargildi úr skránni þegar viðkomandi mengunarvaldar, hópur mengunarvalda eða mengunarvísar skapa ekki lengur áhættu fyrir grunnvatnshlotið sem um er að ræða.

Allar slíkar breytingar á skránni yfir viðmiðunargildi skal tilkynna í tengslum við reglubundna endurskoðun á stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi.

7. Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en 22. desember 2009 birta skýrslu á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin veita í samræmi við 5. mgr.

23 Í 4. gr. grunnvatnstilskipunarinnar, sem ber yfirskriftina „Verklag við mat á efnafræðilegu ástandi grunnvatns“, segir:

1. Aðildarríkin skulu nota verklagið sem lýst er í 2. mgr. til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatnshlots. Ef við á er aðildarríkjunum heimilt að hópa grunnvatnshlot, í samræmi við V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, þegar þetta verklag er viðhaft.

2. Grunnvatnshlot eða hópur grunnvatnshlota skal teljast í góðu, efnafræðilegu ástandi ef:

a) viðeigandi vöktun leiðir í ljós að skilyrðin sem sett eru fram í töflu 2.3.2 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB eru uppfyllt eða

b) ekki er farið yfir gildi gæðakrafnanna fyrir grunnvatn, sem eru tilgreindar í I. viðauka, og viðeigandi viðmiðunargildi, sem eru fastsett í samræmi við 3. gr. og II. viðauka, á neinum vöktunarstað í grunnvatnshlotinu eða hópi grunnvatnshlota eða

c) farið er yfir gildi gæðakrafna fyrir grunnvatn eða viðmiðunargildi á einum eða fleiri vöktunarstöðum en viðeigandi rannsókn, í samræmi við III. viðauka, staðfestir að:

i. á grundvelli matsins, sem um getur í 3. mgr. III. viðauka, er ekki talið að styrkur mengunarvalda, sem fer yfir gildi í gæðakröfum fyrir grunnvatn eða viðmiðunargildi, skapi verulega áhættu fyrir umhverfið, að teknu tilliti til umfangs grunnvatnshlotsins sem hefur orðið fyrir áhrifum eftir því sem við á,

ii. önnur skilyrði varðandi gott, efnafræðilegt ástand grunnvatns, sem sett eru fram í töflu 2.3.2 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB, hafa verið uppfyllt í samræmi við 4. mgr. III. viðauka við þessa tilskipun,

iii. kröfurnar í 3. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar hafa verið uppfylltar í samræmi við 4. mgr. III. viðauka við þessa tilskipun að því er varðar grunnvatnshlot sem eru tilgreind í samræmi við 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2000/60/EB,

iv. grunnvatnshlotið, eða eitthvert þeirra grunnvatnshlota sem eru í hópi grunnvatnshlotanna, er ekki svo mengað að nýtingargeta í þágu manna hafi rýrnað umtalsvert.

3. Val á vöktunarstöðunum fyrir grunnvatn verður að vera í samræmi við kröfurnar í lið 2.4 í V. viðauka við tilskipun 2000/60/EB um að tilhögun þeirra sé þannig að þeir gefi samfellda heildarsýn yfir efnafræðilegt ástand grunnvatnsins og að vöktunargögn frá þeim séu lýsandi.

4. Aðildarríkin skulu birta samantekt á mati á efnafræðilegu ástandi grunnvatns í stjórnunaráætlunum fyrir vatnasviða- umdæmi í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

Í þessari samantekt, sem er unnin fyrir vatnasviðaumdæmi eða þann hluta alþjóðlegs vatnasviðaumdæmis sem fellur innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, skulu einnig koma fram skýringar á því hvernig tilvik, þar sem farið er yfir gildin að því er varðar gæðakröfur fyrir grunnvatn eða viðmiðunargildi á einstaka vöktunarstöðum, hafa verið tekin til greina í lokamatinu.

5. Ef grunnvatnshlot er flokkað þannig að það sé í góðu, efnafræðilegu ástandi í samræmi við c-lið 2. mgr. skulu aðildarríkin, í samræmi við 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB, grípa til þeirra ráðstafana sem kunna að reynast nauðsynlegar til að vernda vatnavistkerfi, landvistkerfi og notkun manna á grunnvatni, sem er háð þeim hluta grunnvatnshlotsins þar sem vöktunarstaðurinn eða -staðirnir eru, þar sem farið hefur verið yfir gildi í gæðakröfu fyrir grunnvatn eða viðmiðunargildi.

24 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtíð. ESB 2012 L 26, bls. 1 og EES-viðbætir 2013, nr. 14, bls. 309) („umhverfismatstilskipunin“) var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2012 frá 7. desember 2012 (Stjtíð. ESB 2013 L 81, bls. 32 og EES-viðbætir 2013 nr. 18, bls. 38) og vísað er til hennar í lið 1a í XX. viðauka EES-samningsins (Umhverfismál). Ekki var tilkynnt um neina stjórnskipulega fyrirvara. Ákvörðunin tók gildi 8. desember 2012.

25 Umhverfismatstilskipuninni var síðar breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/52/ESB frá 16. apríl 2014 um breytingu á tilskipun 2011/92/ESB um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtíð. ESB 2014 L 124, bls. 1 og EES-viðbætir 2015, nr. 34, bls. 229) („tilskipun 2014/52“). Tilskipun 2014/52 var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2005 frá 30. apríl 2015 (Stjtíð. ESB 2016 L 2011, bls. 76 og EES-viðbætir 2016 nr. 42, bls. 73) og vísað er til hennar í lið 1a í XX. viðauka EES-samningsins (Umhverfismál). Ísland og Liechtenstein tilkynntu um stjórnskipulega fyrirvara. Fyrirvörunum var aflétt 24. nóvember 2015 og ákvörðunin tók gildi 1. janúar 2016.

26 Í 3. gr. umhverfismatstilskipunarinnar segir:

Í mati á umhverfisáhrifum skal í hverju einstöku tilviki greina, lýsa og meta á viðeigandi hátt bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirfarandi þætti vegna tiltekinnar framkvæmdar:

a) íbúa og heilbrigði manna,
b) líffræðilega fjölbreytni, með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar samkvæmt tilskipun 92/43/EBE og tilskipun 2009/147/EB,
c) land, jarðveg, vatn, loft og loftslag,
d) efnisleg verðmæti, menningararfleifð og landslag,
e) samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a- til d-lið.

27 Í 5. gr. umhverfismatstilskipunarinnar segir:

1. Sé mats á umhverfisáhrifum krafist skal framkvæmdaraðilinn útbúa og leggja fram skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Þær upplýsingar sem framkvæmdaraðilinn skal leggja fram skulu innihalda a.m.k.:

a) lýsingu á framkvæmdinni sem samanstendur af upplýsingum um staðsetninguna, hönnun, stærð og aðra þætti framkvæmdarinnar sem máli skipta,

b) lýsingu á líklegum umtalsverðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið,

c) lýsingu á þáttum framkvæmdarinnar og/eða fyrirhuguðum ráðstöfunum til að komast megi hjá eða koma í veg fyrir eða draga úr og, ef mögulegt er, vega upp á móti líklegum umtalsverðum skaðlegum áhrifum á umhverfið,

d) lýsingu á þeim öðrum sanngjörnum kostum sem framkvæmdaraðilinn hefur kannað og sem tengjast umræddri framkvæmd og sérstökum eiginleikum hennar, ásamt tilgreiningu á helstu ástæðunum fyrir þeim kosti sem var valinn, með tilliti til áhrifa framkvæmdarinnar á umhverfið,

e) samantekt, sem ekki er á tæknimáli, um upplýsingarnar í a- til d-lið og

f) þær viðbótarupplýsingar sem tilgreindar eru í IV. viðauka sem tengjast sérstökum eiginleikum tiltekinnar framkvæmdar eða tegundar af framkvæmd og þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum.

Ef gefið er út álit skv. 2. mgr. skal skýrslan um mat á umhverfisáhrifum byggjast á því áliti og í henni skulu vera þær upplýsingar sem sanngjarnt má teljast að krafist sé til að ná megi rökstuddri niðurstöðu um umtalsverð áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið, með tilliti til fyrirliggjandi vitneskju og matsaðferða. Þegar framkvæmdaraðilinn útbýr skýrsluna um mat á umhverfisáhrifum skal hann, með það fyrir augum að forðast að tvítaka mat,

taka tillit til fyrirliggjandi niðurstaðna úr öðrum mötum sem máli skipta og eru unnin samkvæmt löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf.

2. Óski framkvæmdaraðilinn þess skal lögbæra yfirvaldið gefa út álit um umfang og sundurliðunarstig þeirra upplýsinga sem framkvæmdaraðilinn skal leggja fram í skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, með tilliti til upplýsinganna sem framkvæmdaraðilinn leggur fram, einkum um sérstaka eiginleika framkvæmdarinnar, þ.m.t. staðsetningu hennar og tæknilegt umfang og líkleg áhrif hennar á umhverfið. Lögbæra yfirvaldið skal hafa samráð við yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., áður en það gefur álitið.

Aðildarríkin geta einnig krafist þess að lögbær yfirvöld gefi álit eins og um getur í fyrstu undirgrein, án tillits til þess hvort framkvæmdaraðilinn óskar þess.

3. Til að tryggja heildstæðni og gæði skýrslunnar um matið á umhverfisáhrifunum:

a) skal framkvæmdaraðilinn sjá til þess að skýrslan um matið á umhverfisáhrifunum sé útbúin af til þess hæfum sérfræðingum,

b) skal lögbæra yfirvaldið sjá til þess að það búi yfir, eða hafi nauðsynlegan aðgang að, nægjanlegri sérfræðiþekkingu til að rannsaka skýrsluna um matið á umhverfisáhrifunum og

c) ef nauðsyn krefur skal lögbæra yfirvaldið óska eftir viðbótarupplýsingum frá framkvæmdaraðilanum í samræmi við IV. viðauka sem skipta beinu máli fyrir það að komast megi að rökstuddri niðurstöðu um umtalsverð áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið.

4. Ef þörf krefur skulu aðildarríkin sjá til þess að yfirvöld, sem kunna að búa yfir upplýsingum er varða málið sérstaklega, einkum með tilliti til 3. gr., láti þær framkvæmdaraðilanum í té.

28 Í 6. gr. umhverfismatstilskipunarinnar segir:

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að yfirvöld, sem líklegt er að framkvæmdirnar varði sökum þess að umhverfismál heyra að einhverju leyti undir þau, fái tækifæri til að láta í ljós álit á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili leggur fram og á beiðninni um samþykki fyrir framkvæmd með tilliti til, eftir því sem við á, þeirra tilvika sem um getur í 3. mgr. 8. gr. a. Í þessu skyni skulu aðildarríkin tilnefna þau yfirvöld sem hafa skal samráð við, hvort heldur er almennt eða í hverju tilviki fyrir sig. Upplýsingar, sem teknar eru saman skv. 5. gr., skulu sendar þessum yfirvöldum. Aðildarríkin skulu mæla ítarlega fyrir um framkvæmd ráðgjafarinnar.

2. Til að tryggja skilvirka þátttöku þess hluta almennings sem málið varðar í ákvarðanatökuferlinu skal tilkynna almenningi rafrænt og með opinberum auglýsingum eða öðrum viðeigandi leiðum um eftirfarandi atriði snemma í ákvarðanatökuferlunum um umhverfismál, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og, í síðasta lagi, um leið og sanngjarnt má teljast að upplýsingar séu veittar.

a) umsókn um leyfi,

b) að verkefnið falli undir málsmeðferð við mat á umhverfisáhrifum og, ef við á, að 7. gr. gildi,

c) um upplýsingar um lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á töku ákvörðunarinnar og sem getur veitt þær upplýsingar, sem skipta máli, og sem senda má athugasemdir og spurningar til og upplýsingar um tímarammann til að leggja fram athugasemdir og spurningar,

d) um eðli hugsanlegra ákvarðana eða drög að ákvörðun, liggi þau fyrir,

e) hversu aðgengilegar upplýsingarnar, sem aflað er skv. 5. gr., eru,

f) tilgreining á tíma og stöðum þar sem þær upplýsingar, sem skipta máli, verða gerðar aðgengilegar eða leiðir til þess að nálgast þær,

g) upplýsingar um fyrirkomulag varðandi þátttöku almennings skv. 5. mgr. þessarar greinar.

3. Aðildarríkin skulu, innan hæfilegra tímamarka, tryggja að sá hluti almennings, sem málið varðar, hafi aðgang að eftirfarandi:

a) öllum upplýsingum sem aflað er skv. 5. gr.,

b) í samræmi við landslöggjöf: helstu skýrslum og ráðleggingum, sem lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafa fengið í hendur á þeim tíma þegar sá hluti almennings, sem málið varðar, er upplýstur í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar,

c) í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál (6): upplýsingum, öðrum en þeim sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem skipta máli fyrir ákvörðunina í samræmi við 8. gr. þessarar tilskipunar og sem verða einungis aðgengilegar eftir að sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur verið upplýstur í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

4. Sá hluti almennings, sem málið varðar, skal fá snemma tækifæri til skilvirkrar þátttöku í ferlinu er varðar töku ákvarðana í umhverfismálum, sem um getur í 2. mgr. 2. gr., og skal hann í því skyni eiga rétt á að leggja fram athugasemdir og

álit meðan allir valkostir standa lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum til boða áður en ákvörðun um leyfisumsókn er tekin.

5. Aðildarríkin skulu ákveða nákvæma tilhögun við að upplýsa almenning, t.d. með því að koma upp auglýsingum innan tiltekins radíuss eða með birtingu í dagblöðum á viðkomandi stað, og með því að hafa samráð við almenning, sem málið varðar, t.d. skriflega eða með almennri könnun. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðeigandi upplýsingar séu aðgengilegar almenningi á rafrænan hátt, að minnsta kosti um miðlæga aðgangsgátt eða vel aðgengilega aðgangspunkta, á viðeigandi stjórnunarstigi.

6. Ákveða skal hæfilega tímaramma fyrir hina mismunandi áfanga og veita þannig nægan tíma:

a) til að upplýsa yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr., og almenning og

b) fyrir yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr., og þann hluta almennings, sem málið varðar, til að undirbúa og taka skilvirkan þátt í ákvarðanatökunni um umhverfismál, með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar.

7. Tímamörk vegna viðræðna um skýrsluna um mat á umhverfisáhrifum, sem um getur í 1. mgr. 5 gr., við þann hluta almennings sem málið varðar, skulu ekki vera styttri en 30 dagar.

Landsréttur

29 Vatnatilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

30 Í 28. gr. laga nr. 36/2011, sem ber yfirskriftina „Réttaráhrif vatnaáætlunar“, segir:

Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki skal, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand

vatnshlots. Viðkomandi leyfisveitandi skal þá endurskoða útgefið leyfi, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstafana samkvæmt 2.–4. mgr. er [Umhverfis- og orkustofnun] heimilt að veita viðkomandi sveitarfélagi eða leyfisveitanda áminningu. Jafnframt skal [Umhverfis- og orkustofnun] veita hæfilegan frest til úrbóta. Ef ekki er orðið við tilmælum um úrbætur innan tiltekins frests er [Umhverfis- og orkustofnun] heimilt að ákveða dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir renna til ríkissjóðs og skal hámark þeirra vera 500.000 kr.

31 Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum voru í gildi hluta þess tímabils sem málið varðar, þar til þau voru felld úr gildi með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

III MÁLAVEXTIR OG MEÐFERÐ MÁLSINS

32 Stefnendur, Ólafur Þór Jónsson, Sigríður Sólrún Jónsdóttir, Særún Jónsdóttir og Reykjaprent ehf., höfðuðu mál á hendur Orkustofnun og Benchmark Genetics Iceland hf. („Benchmark Genetics“) fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 18. júní 2024. Með lögum nr. 110/2024 var nafni stefnda, Orkustofnunar, breytt í Umhverfis- og orkustofnun. Stefnendur krefjast þess aðallega að leyfi það til nýtingar grunnvatns sem Umhverfis- og orkustofnun veitti Benchmark Genetics („leyfið“ eða „nýtingarleyfið“) verði fellt úr gildi. Leyfið, sem veitt var 4. maí 2023, heimilaði Benchmark Genetics að nýta allt að 426 lítra á sekúndu af fersku grunnvatni með seltu <0,4‰, og 946 lítra af söltu grunnvatni (jarðsjó) með seltu ≥30‰ á lóð stefnda að Stapavegi 1 og 1a í sveitarfélaginu Vogum. Gildistími leyfisins er til 4. maí 2043.

33 Skipulagsstofnun barst tillaga frá stefnda, Benchmark Genetics þann 3. janúar 2020, um að auka nýtingu sína á grunnvatni sem næmi 972 lítrum á sekúndu í því skyni að stækka fiskeldisstarfsemi sína. Skipulagsstofnun féllst á tillöguna með nánar tilgreindum athugasemdum. Meðal þeirra athugasemda var að fjalla þyrfti um og bera saman ólíka tilhögun og áhrif grunnvatnsvinnslu með hliðsjón af óvissu sem uppi væri um öflun Sveitarfélagsins Voga á neysluvatni.

34 Frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum var lögð fram 20. ágúst 2020 og var í kjölfarið leitað álits m.a. hjá Umhverfis- og orkustofnun. Í skýrslunni kom fram að ekki hefði orðið vart breytinga á efnainnihaldi ferskvatns í Vogum þrátt fyrir mikla dælingu árum saman. Í skýrslunni kom einnig fram að þáverandi vinnsla væri sjálfbær og yrði það áfram þrátt fyrir 20% aukningu. Jafnframt voru áhrif vinnslunnar metin óveruleg á grunnvatnsstrauma við Vogavík og fyrirhugað vatnsból Vogabúa. Í kjölfar þeirra athugasemda við frummatsskýrsluna sem bárust var leitað álits Íslenskra orkurannsókna á því hvort ferskvatnsholur væru í hættu vegna áforma félagsins. Niðurstaðan var sú að ólíklegt væri að áformin hefðu áhrif á holurnar. Í framhaldi af því lagði Benchmark Genetics fram matsskýrslu vegna umhverfisáhrifa samkvæmt 6. mgr. 10. gr. laga nr. 106/2000.

35 Skipulagsstofnun birti álit sitt um mat á umhverfisáhrifum 10. maí 2021. Meðal þess sem þar kom fram var að neikvæð umhverfisáhrif vegna fyrirhugaðrar stækkunar yrðu takmörkuð og ólíklegt væri að aukin vatnsneysla kæmi til með að hafa neikvæð áhrif á grunnvatn svo nokkru næmi.

36 Í framhaldi af því sótti Benchmark Genetics um nýtingarleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar vegna vatnstöku til 20 ára og yrði heildarvatnsnotkunin þá, að viðbótinni meðtalinni, 1372 lítrar á sekúndu. Umhverfis- og orkustofnun gerði athugasemdir við umsóknina með bréfi frá 1. október 2021.

37 Stefnendur komu athugasemdum á framfæri við Umhverfis- og orkustofnun 30. desember 2021. Stefnendur töldu meðal annars að fram þyrfti að fara heildarmat á allri framkvæmd Benchmark Genetics í stað þess að horfa einungis til aukinnar grunnvatnsnýtingar. Þörf væri á því þar sem umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar sem þegar væri fyrir hendi hefðu aldrei verið metin og ekkert leyfi hefði verið veitt fyrir henni.

38 Benchmark Genetics sendi inn uppfærða umsókn 3. janúar 2022. Gaf Umhverfis- og orkustofnun út leyfið 4. maí 2023 með sérstökum skilyrðum í samræmi við 17. gr. laga nr. 57/1998. Meðal skilyrðanna var að vöktun og aðgerðaráætlun lægju fyrir með það að markmiði að ekki yrðu breytingar á efnafræðilegri samsetningu vatnsins og að gæðum þess yrði viðhaldið.

39 Stefnendur kærðu útgáfu leyfisins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála („úrskurðarnefndin“) 8. júní 2023. Með úrskurði 20. september 2023 hafnaði úrskurðarnefndin því að fella leyfið úr gildi.

40 Stefnendur höfðuðu málið sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur hinn 18. júní 2024. Stefnendur krefjast þess aðallega að leyfið verði fellt úr gildi. Til vara krefjast þeir þess að úrskurður úrskurðarnefndarinnar verði felldur úr gildi. Til þrautavara krefjast þeir þess að viðurkennt verði að Umhverfis- og orkustofnun hafi verið óheimilt að veita Benchmark Genetics leyfi til þeirrar vatnsnýtingar sem um ræðir.

41 Í þinghaldi sem fram fór 4. apríl 2025 var aðilum gefinn kostur á að tjá sig um þá umleitan stefnenda að leitað skyldi ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á þá umleitan að því er varðar aðra af tveimur spurningum sem þeir lögðu til en hafnaði henni að því er varðar hina.

42 Með bréfi dagsettu 15. apríl 2025, sem skráð var hjá EFTA-dómstólnum 5. maí 2025, beindi Héraðsdómur Reykjavíkur eftirfarandi spurningu til EFTA-dómstólsins:

> *Hvort túlka beri ákvæði tilskipunar 2000/60/EB, einkum ákvæði 4. gr. tilskipunarinnar, svo að þau girði fyrir að leyfi til framkvæmdar, sem til greina kemur að áhrif geti haft á ástand grunnvatnshlots sem skylt er að flokka og ástandsmeta í vatnaáætlun samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar, sé veitt áður en slíkt mat hefur farið fram og niðurstöður þess verið settar fram i vatnaáætlun samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar. Ákvæðið komi í veg*

fyrir leyfi til framkvæmda, óháð því hvort ástandsmat hafi farið fram, ef niðurstöður þess hafa ekki verið settar fram í vatnaáætlun.

43 Héraðsdómur Reykjavíkur tekur fram að óumdeilt sé í málinu að ástandsmat vatnshlotsins hafi ekki verið komið inn í vatnaáætlunina. Hins vegar sé það jafnframt ágreiningslaust að farið hafi fram ástandsmat á vatnshlotinu og ýmsar rannsóknir sem meðal annars hafi verið unnar af Umhverfis- og orkustofnun.

44 Héraðsdómur Reykjavíkur tekur enn fremur fram að ágreiningur aðila lúti að því hvort það sé fortakslaust skilyrði samkvæmt 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram komi í vatnaáætluninni, óháð því hvort ástandsmat hafi farið fram.

45 Vísað er til skriflegra athugasemda sem birtar hafa verið á vefsíðu EFTA-dómstólsins þar sem nánar er gerð grein fyrir þeim röksemdum og tillögum að svörum sem EFTA-dómstólnum bárust. Röksemdir aðilanna verða hvorki nefndar né raktar hér á eftir að öðru leyti en því sem forsendur dómsins krefjast.

IV SVAR DÓMSTÓLSINS

Almennar athugasemdir

46 Spurning landsdómstólsins er í raun tvíþætt. Fyrst er spurt hvort túlka beri ákvæði vatnatilskipunarinnar, einkum ákvæði 4. gr. hennar, svo að þau girði fyrir veitingu framkvæmdaleyfis áður en farið hefur fram flokkun og mat á ástandi þess grunnvatnshlots sem kann að verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Síðan er spurt hvort setja verði fram niðurstöður flokkunarinnar og matsins í vatnaáætlun áður en veitt er leyfi til framkvæmdar sem til greina kemur að áhrif hafi á ástand grunnvatnshlots.

47 EFTA-dómstóllinn bendir á að ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. 1. gr. vatnatilskipunarinnar kveða á um að tilgangurinn með tilskipuninni sé að setja ramma um vernd yfirborðsvatns á landi, árósavatns, strandsjávar og grunnvatns sem þjónar meðal annars því hlutverki að koma í veg fyrir afturför slíkra vatnshlota og stuðla að sjálfbærri notkun vatns sem byggir á langtímavernd vatnslinda sem eru fyrir hendi (sjá dóm frá 5. mars 2025 í máli *Friends of the Earth Norway and Young Friends of the Earth Norway* gegn *norska ríkinu*, E-13/24, 26. mgr.).

48 Eins og lesa má úr 19. lið formálsorða hennar miðar vatnatilskipunin að því að viðhalda og bæta ástand vatns. Þetta markmið snertir fyrst og fremst gæði vatnsins er um ræðir. Vatnsmagn er enn fremur einn þeirra þátta sem þarf að líta eftir með tilliti til vatnsgæða og því ber einnig að gera ráðstafanir varðandi magn til að ná megi því markmiði að tryggja mikil gæði.

49 Endanlegt markmið vatnatilskipunarinnar er þannig að tryggja að fram náist, með samstilltum aðgerðum, „gott ástand“ alls vatns innan EES, þar með talins grunnvatns (samanber dóm frá 24. júní 2021 í máli *Framkvæmdastjórnarinnar* gegn *Spáni*, C-559/19, EU:C:2021:512, 37. mgr.).

50 Í því skyni setur 4. gr. vatnatilskipunarinnar fram í megindráttum þau umhverfismarkmið sem EES-ríkjum ber að ná, þar með talið varðandi grunnvatn. Líkt og Evrópudómstóllinn hefur talið felur 1. mgr. 4 gr. vatnatilskipunarinnar í sér tvö aðgreind en í eðli sínu tengd markmið. Í fyrsta lagi ber EES-ríkjum samkvæmt i. tölul. b-liðar 1. mgr. 4. gr. að koma í veg fyrir að ástand nokkurs grunnvatnshlots versni (skyldan til að koma í veg fyrir hnignun vatnshlota). Í öðru lagi skulu samkvæmt ii. tölul. b-liðar 1. mgr. 4. gr. aðildarríkin vernda, styrkja og endurheimta öll grunnvatnshlot með það að markmiði að ástand verði orðið gott eigi síðar en 15 árum eftir gildistökudag tilskipunarinnar, það er 1. maí 2024 hvað EFTA-ríkin varðar (skyldan til að styrkja vatnshlot). Bæði skyldunni til að styrkja og skyldunni til að koma í veg fyrir hnignun er ætlað að ná fram, með samstilltum aðgerðum, „góðu ástandi“ alls yfirborðsvatns og grunnvatns innan EES fyrir 1. maí 2024 (samanber dóm frá 28. maí 2020 í máli *Land Nordrhein-Westfalen*, C-535/18, EU:C:2020:391, 68., 69. og 71. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).

51 Af þessu leiðir að í 1. mgr. 4. gr. er ekki látið við það sitja að mæla einungis fyrir um markmið vatnaáætlana, með tilliti til áætlanagerðar, heldur hefur ákvæðið bindandi áhrif, jafnskjótt og vistfræðilegt ástand viðkomandi vatnshlots hefur verið ákvarðað, á sérhverju stigi þess ferlis sem tilskipunin mælir fyrir um (samanber dóm í máli *Land Nordrhein-Westfalen*, C-535/18, sem vísað er til hér að framan, 73. mgr.). Þær skyldur sem kveðið er á um í 4. gr. tilskipunarinnar eiga fyllilega við, enda rann sá tímafrestur sem EES-ríkjum var veittur samkvæmt 6. mgr. 13. gr. hennar til birtingar vatnaáætlana út 1. maí 2018 í tilviki EFTA-ríkjanna (samanber dóm frá 4. maí 2016 í máli *Framkvæmdastjórnarinnar* gegn *Austurríki*, C-346/14, EU:C:2016:322, 49. mgr.).

52 Vatnatilskipunin er grundvölluð á því sjónarmiði, sem sett er fram í 1. lið formálsorða hennar, að vatn sé ekki eins og hver önnur verslunarvara heldur arfleifð sem ber að vernda, standa vörð um og fara með sem slíka. Engu að síður, eins og minnst er á í 32. lið formálsorðanna, kunna að vera forsendur til að við sérstakar aðstæður megi veita undanþágur frá kröfunni um að koma í veg fyrir að ástand vatnshlots versni, svo sem á þeirri forsendu að veigameiri hagsmunir vegna almannaheilla krefjist þess, að því tilskildu að allar tiltækar ráðstafanir séu gerðar til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlotsins.

53 Í 7. mgr. 4. gr. vatnatilskipunarinnar er því kveðið á um að EES-ríki teljist ekki brjóta í bága við tilskipunina, og þar með heldur ekki gegn skyldunni til að grípa til allra ráðstafana til að koma í veg fyrir hnignun vatnshlota, þegar uppfyllt eru þau skilyrði sem sett eru fram í ákvæðinu. Tilgangur þessa ákvæðis er að skapa heimild til undanþágu frá hinni almennu skyldu til að koma í veg fyrir að ástand vatnshlota versni. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd um tilskipanir ber að túlka allar undanþágur frá slíkri skyldu þröngt. Enn fremur verður að skýra 7. mgr. 4. gr. með hliðsjón af hinni almennu skyldu sem kveðið er á um í i. tölul. b-liðar 1. mgr. 4. gr. til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að ástand nokkurs grunnvatnshlots versni (sjá dóm í máli *Friends of the Earth Norway*, E-13/24, sem vísað er til hér að framan, 27. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).

Fyrri hluti spurningarinnar

54 Fyrri hluti spurningarinnar snýr að því hvort 4. gr. vatnatilskipunarinnar girði fyrir að leyfi sé veitt fyrir framkvæmd áður en farið hefur fram flokkun og mat á ástandi grunnvatnshlotsins sem til greina kemur að geti orðið fyrir áhrifum.

55 Í 4. gr. vatnatilskipunarinnar felast ekki aðeins kröfur um áætlanagerð til lengri tíma með áætlunum um stjórnun og ráðstafanir, heldur varðar hún jafnframt tilteknar framkvæmdir sem bannið við hnignun vatnshlota á einnig við um. EES-ríki er því skylt að synja um framkvæmdaleyfi sé það til þess fallið að valda því að ástand viðkomandi vatnshlots versni eða til að tefla því í tvísýnu að „gott ástand“ yfirborðsvatns- eða grunnvatnshlota náist, með fyrirvara um þær undanþágur sem einnig er kveðið á um í 4. gr. Þegar framkvæmd kann að hafa skaðleg áhrif á vatn má þar af leiðandi því aðeins veita samþykki fyrir henni að skilyrði a- til d-liðar 7. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar séu uppfyllt. Með fyrirvara um mögulega endurskoðun dómstóla ber þeim landsstjórnvöldum sem hafa heimild til að veita framkvæmdaleyfið að kanna hvort þau skilyrði séu uppfyllt áður en slíkt leyfi er veitt (samanber dóm í *Land Nordrhein-Westfalen*, C-535/18, sem vísað er til hér að framan, 74. og 75. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).

56 Af þessu leiðir að áður en tekin er ákvörðun um að veita leyfi til framkvæmdar ber hinum valdbæru stjórnvöldum skylda samkvæmt 4. grein vatnatilskipunarinnar til að kanna hvort framkvæmdin kunni að hafa skaðleg áhrif á vatn sem brytu í bága við skylduna til að koma í veg fyrir hnignun og bæta ástand yfirborðsvatns- og grunnvatnshlota. Umrætt ákvæði girðir því fyrir að slík athugun fari einungis fram eftir þann tíma (samanber dóm í *Land Nordrhein-Westfalen*, C-535/18, sem vísað er til hér að framan, 76. og 90. mgr.). EES-ríkjum er því skylt að flokka og meta ástand vatnshlots áður en veitt er leyfi til framkvæmdar sem kann að hafa neikvæð áhrif á ástand yfirborðsvatns- eða grunnvatnshlota.

57 EFTA-dómstóllinn áréttar að EES-ríkjum ber að hafa heildaryfirsýn yfir eiginleika viðkomandi vatnshlota til að ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í 4. gr. vatnatilskipunarinnar (samanber dóm í máli *Framkvæmdastjórnarinnar* gegn *Spáni*, C-559/19, sem vísað er til hér að framan, 85. mgr.).

58 Samkvæmt 3. gr. vatnatilskipunarinnar skulu EES-ríki fyrst tilgreina hvert vatnasvið um sig, skipa þeim niður í umdæmi og tilgreina hin valdbæru stjórnvöld. Því næst skulu þau greina eiginleika vatnshlota í samræmi við 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar og II. og III. viðauka hennar. Samkvæmt því ákvæði skal sérhvert EES-ríki tryggja að fyrir hvert vatnasviðaumdæmi sem heyrir undir yfirráðasvæði þess fari fram greining á eiginleikum þess, mat á áhrifum af starfsemi manna á ástand yfirborðsvatns og grunnvatns, og efnahagsleg greining á vatnsnotkun, sér í lagi í samræmi við tækniforskriftirnar sem settar eru fram í II. og III. viðauka (samanber dóm í máli *Framkvæmdastjórnarinnar* gegn *Spáni*, C-559/19, sem vísað er til hér að framan, 86. og 87. mgr.).

59 Hvað varðar tiltekna tæknilega eiginleika er vert að benda á að í 2. lið í II. viðauka við vatnatilskipunina eru tilgreindar þær kröfur sem EES-ríki verða að uppfylla við fyrstu lýsingu á eiginleikum grunnvatnshlota og, eftir því sem við á, við nánari lýsingu þeirra. Sérstaklega eru í lið 2.1 í II. viðauka við tilskipunina tiltekin nánari atriði þeirrar fyrstu lýsingar á öllum grunnvatnshlotum til að meta nýtingu þeirra og hversu mikil hætta er á að markmiðin í 4. gr. tilskipunarinnar náist ekki fyrir hvert grunnvatnshlot. Í kjölfar þessarar fyrstu lýsingar á eiginleikum allra grunnvatnshlota er EES-ríkjum jafnframt skylt, samkvæmt lið 2.2. í II. viðauka tilskipunarinnar, að láta útbúa frekari lýsingu á eiginleikum þeirra grunnvatnshlota sem talið er að séu í hættu varðandi markmiðin, til að unnt sé að meta á nákvæmari hátt mikilvægi slíkrar hættu og tilgreina hvers kyns ráðstafanir sem krafist er samkvæmt 11. gr. tilskipunarinnar. Sú frekari lýsing skal innihalda upplýsingar, sem málið varða, um áhrif af starfsemi manna og, þar sem við á, upplýsingar um aðra eiginleika þeirra grunnvatnshlota sem um ræðir (samanber dóm í máli *Framkvæmdastjórnarinnar* gegn *Spáni*, C-559/19, sem vísað er til hér að framan, 89. til 91. mgr.).

60 Eins og fram kemur í 25. lið formálsorða vatnatilskipunarinnar setur hún fram sameiginlegar skilgreiningar á ástandi vatns að því er varðar gæði og, þar sem við á vegna umhverfisverndar, að því er varðar magn. Er því í 19. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar kveðið á um að ástand grunnvatns sé almennt hugtak um ástand grunnvatnshlots sem ákvarðast af magnstöðu eða efnafræðilegu ástandi þess, eftir því hvort er lakara. Eins og mælt er fyrir um í 20. mgr. 2. gr. þýðir gott ástand grunnvatns það ástand sem grunnvatnshlot nær þegar bæði magnstaða og efnafræðilegt ástand þess er a.m.k. „góð/gott“. Skilgreiningarnar á góðu efnafræðilegu ástandi og góðri magnstöðu er að finna í 25. og 28. mgr. 2. gr. og töflum 2.1.2. og 2.3.2. í V. viðauka tilskipunarinnar. Það mat á ástandi grunnvatnshlotsins sem vatnatilskipunin krefst verður að fara fram á grundvelli viðmiða V. viðauka hennar ásamt 3. og 4. gr. grunnvatnstilskipunarinnar.

61 Af framangreindu leiðir að svara verður fyrri hluta spurningarinnar á þann veg að 4. gr. vatnatilskipunarinnar girðir fyrir að veitt sé leyfi til framkvæmdar sem til greina kemur að áhrif geti haft á ástand grunnvatnshlots áður en slíkt mat hefur farið fram og niðurstöður þess hafa verið settar fram i vatnaáætlun samkvæmt viðmiðum tilskipunarinnar.

Síðari hluti spurningarinnar

62 Síðari hluti spurningarinnar snýr að því hvort setja verði fram niðurstöður flokkunar og ástandsmats í vatnaáætlun áður en leyfi er veitt til framkvæmdar sem til greina kemur að geti haft áhrif á ástand grunnvatnshlots.

63 Hvað varðar það að gera niðurstöður flokkunar og ástandsmats aðgengilegar almenningi bendir EFTA-dómstóllinn á að samkvæmt umhverfismatstilskipuninni, sérstaklega 3., 5. og 6. gr. hennar, skulu þær upplýsingar sem gerðar eru aðgengilegar almenningi í samráðsskyni áður en framkvæmd er samþykkt innihalda þau gögn sem nauðsynleg eru til að meta áhrif verkefnisins á vatn í ljósi þeirra viðmiða og krafna sem meðal annars er mælt fyrir um í 1. mgr. 4. greinar vatnatilskipunarinnar (samanber dóm í máli *Land Nordrhein-Westfalen*, C-535/18, sem vísað er til hér að framan, 84. mgr.).

64 Rökin að baki umhverfismatstilskipuninni eru að koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Tilskipunin kveður á um að meta skuli áhrif framkvæmda á vegum hins opinbera eða einkaaðila á umhverfið í því skyni að ná markmiðinu um öfluga umhverfisvernd sem sett er fram meðal annars í 10. lið formálsorða EES-samningsins og í 73. gr. EES-samningsins. Meta verður áhrif framkvæmdar á umhverfið í því skyni að taka tillit til sjónarmiða um verndun heilsu manna, til að stuðla að lífsgæðum með bættu umhverfi, tryggja að fjölbreytileiki tegunda viðhaldist og til að viðhalda getu vistkerfa til endurnýjunar sem grunnundirstöðu lífs (sjá dóm frá 21. maí 2025 í máli *Greenpeace*, E-18/24, 49. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).

65 Ákvæði umhverfismatstilskipunarinnar kveða að meginstefnu á um málsmeðferðarreglur. Með því að gera upplýsingagjöf um umhverfið að hluta leyfisveitingarferlisins er tryggt að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði hluti af opinberri umræðu um hvort veita eigi framkvæmdaleyfi. Eins og áhersla er lögð á í 7. lið formálsorða tilskipunarinnar skal því mat á umhverfisáhrifum fara fram á grundvelli viðeigandi upplýsinga frá framkvæmdaraðila, sem stjórnvöld og almenningi, sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af viðkomandi framkvæmd, er heimilt að bæta við (sjá dóm í máli *Greenpeace*, E-18/24, sem vísað er til hér að framan, 52. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).

66 Mat á ástandi grunnvatnshlots skal því fara fram, ásamt mati á mögulegum áhrifum framkvæmdar á ástand þess, og niðurstöðurnar vera gerðar aðgengilegar almenningi áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd sem kann að hafa áhrif á ástandi grunnvatnshlots.

67 Hvað vatnaáætlanir snertir bendir EFTA-dómstóllinn á að samkvæmt 6. mgr. 13. gr. vatnatilskipunarinnar átti að gera þær og birta í öllum EES-ríkjum eigi síðar en 1. maí 2018, og að samkvæmt 7. mgr. sömu greinar skulu þær endurskoðaðar og uppfærðar á sex ára fresti. Með 1. mgr. 4. gr. tilskipunarinnar eru þær viðeigandi verndunarráðstafanir sem EES-ríkjum ber að gera samkvæmt ákvæðinu tengdar því að til sé áður gerð vatnaáætlun fyrir viðkomandi vatnasviðaumdæmi (samanber dóm frá 11. september 2012 í *Nomarchiaki Aftodioikisi Aitoloakarnanias and Others*, C-43/10, EU:C:2012:560, 52. mgr.).

68 Vatnaáætlunin er hvort tveggja lýsandi skjal um ástand vatnasviðaumdæmis og aðgerðaáætlun að því leyti sem hún fjallar um nýjar ráðstafanir ætlaðar til að ná markmiðum vatnatilskipunarinnar (sjá álit Jääskinen lögsögumanns frá 23. október 2014 í máli *Bund für Umwelt und Naturschutz Deutschland*, C-461/13, EU:C:2014:2324, 52. lið). Lýsinguna á grunnvatnshlotum ber að útbúa áður en vatnaáætlunin er samin og verður að útbúa áður en hún getur legið inntaki áætlunarinnar til grundvallar (samanber dóm í máli *Framkvæmdastjórnarinnar* gegn *Spáni*, C-559/19, sem vísað er til hér að framan, 93. mgr.).

69 Til að tryggja að EES-ríkin nái umhverfismarkmiðum vatnatilskipunarinnar inniheldur hún ýmis ákvæði, einkum í 3., 5., 8., 11. og 13. gr. ásamt V. viðauka hennar, sem koma á margslungnu ferli er skiptist í nokkur stig sem lúta umfangsmiklu regluverki, í því skyni að gera EES-ríkjum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir á grundvelli sérkenna og eiginleika þeirra vatnshlota sem tilgreind eru á yfirráðasvæðum þeirra (samanber

dóm frá 1. júlí 2015 í *Bund für Umwelt und Naturschutz Deutschland e.V.* gegn *Sambandslýðveldinu Þýskalandi*, C-461/13, EU:C:2015:433, 42. mgr.).

70 Viðtekin dómaframkvæmd er þó fyrir því að í samhengi undanþáguheimildar 7. mgr. 4. gr. vatnatilskipunarinnar megi telja fullnægt því skilyrði b-liðar 7. mgr. 4. gr. að sérstaklega skuli tilgreina og útskýra ástæður breytinga á vatnaáætlun ef þær ástæður sem liggja viðkomandi framkvæmd að baki koma á leyfisveitingardegi framkvæmdarinnar eingöngu fram í ákvörðuninni um veitingu leyfisins (samanber dóm frá 5. maí 2022 í máli *Association France Nature Environnement*, C-525/20, EU:C:2022:350, 44. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).

71 Til að hlíta skyldunni til að gera mat fyrir fram verða því EES-ríkin að hlíta skyldunni til að flokka öll vatnshlot. Hafi, andstætt kröfum vatnatilskipunarinnar, verið látið undir höfuð leggjast að flokka vatnshlot verður fyrst að bæta úr þeirri yfirsjón áður en mat getur farið fram samkvæmt 7. mgr. 4. gr. og veita má framkvæmdaleyfi. Enda þótt fella skuli niðurstöðurnar inn í vatnaáætlun er þess ekki krafist að hún sé leiðrétt eða uppfærð áður en gefa megi út neitt leyfi vegna framkvæmdar, svo fremi sem flokkunin og matið hafa farið fram í samræmi við viðmið vatnatilskipunarinnar. Sá áskilnaður umhverfismatstilskipunarinnar að upplýsingar sem skipta máli skuli gerðar aðgengilegar almenningi í samráðsskyni áður en framkvæmd er samþykkt veitir svipaða tryggingu fyrir því að ekki sé vikist undan þeim kröfum um upplýsingagjöf til almennings og samráð sem koma fram í 14. gr. vatnatilskipunarinnar.

72 EFTA-dómstóllinn bendir á að það er landsdómstólsins að meta hvort mat í samræmi við vatnatilskipunina farið hafi fram áður en hið umþrætta leyfi var veitt. EFTA-dómstóllinn bendir jafnframt á að samkvæmt 3. gr. EES-samningsins er það hlutverk landsdómstóla að tryggja einstaklingum þá réttarvernd sem þeir öðlast með EES-samningnum og tryggja full réttaráhrif EES-reglna (sjá dóm frá 4. júlí 2023 í máli *RS,* E-11/22, 44. mgr.). Af því hlýtur óhjákvæmilega að leiða að skyldan til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta úr því að ekki hafi farið fram umhverfismat hvíli einnig á landsdómstólum sem hafa til meðferðar mál höfðað á þeim grundvelli (sjá mál *Greenpeace*, E-18/24, sem vísað er til hér að framan, 104. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til).

73 Þær ítarlegu málsmeðferðarreglur sem við eiga um slíkan málarekstur falla undir landsrétt hvers EES-ríkis, samkvæmt meginreglunni um sjálfsforræði ríkja á málsmeðferð, að því gefnu að þær séu ekki óhagstæðari en þær reglur sem gilda um sambærilegar innlendar aðstæður (meginreglan um jafngildi) og að þær geri ekki ókleift í reynd eða óhóflega erfitt að neyta réttinda sem EES-réttur veitir (meginreglan um skilvirkni) (sjá mál *Greenpeace*, E-18/24, sem vísað er til hér að framan, 105. mgr. og dómaframkvæmd sem þar er vísað til.)

74 Í ljósi framangreinds verður að svara síðari hluta spurningarinnar með þeim hætti að 4. gr. vatnatilskipunarinnar komi ekki í veg fyrir að leyfi til framkvæmdar sé veitt þótt flokkun og ástandsmat hafi ekki verið sett fram i viðeigandi vatnaáætlun, svo fremi sem flokkun og mat hafa farið fram í samræmi við kröfur vatnatilskipunarinnar.

V MÁLSKOSTNAÐUR

75 Þar sem um er að ræða mál sem er hluti af málarekstri fyrir landsdómstólnum kemur það í hlut þess dómstóls að kveða á um kostnað málsaðila. Aðrir sem lagt hafa fram athugasemdir til EFTA-dómstólsins skulu bera sinn málskostnað, hver fyrir sitt leyti.

Með vísan til framangreindra forsendna lætur

DÓMSTÓLLINN

uppi svohljóðandi ráðgefandi álit um spurninguna sem Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði til dómstólsins:

1. **Túlka ber 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum þannig að hún girði fyrir að leyfi til framkvæmdar sem til greina kemur að áhrif geti haft á ástand grunnvatnshlots, sé veitt áður en flokkun og mat ástands þess hefur farið fram í samræmi við þau viðmið sem sett eru fram í þeirri tilskipun.**

2. **Túlka ber 4. gr. tilskipunar 2000/60/EB þannig að hún komi ekki í veg fyrir veitingu leyfis til framkvæmdar þótt flokkunin og ástandsmatið hafi ekki verið sett fram í viðeigandi vatnaáætlun, svo fremi sem flokkunin og matið hafa farið fram í samræmi við kröfur þeirrar tilskipunar.**

Páll Hreinsson Bernd Hammermann Michael Reiertsen

Kveðið upp í heyranda hljóði í Lúxemborg 16. desember 2025.

Ólafur Jóhannes Einarsson
Dómritari

Páll Hreinsson
Forseti